

Nr. 17-003 S 002 Rán SH 307***Vélavana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2419
Útgerð: Oliver ehf.
Smíðaður: Siglufirði, 2000, trefjaplast
Stærð: 7,26 brl. 5,94 bt.
Mesta lengd: 9,57 m Skráð lengd: 8,02 m
Breidd: 2,98 m Dýpt: 1,13 m
Vél: Cummins 187 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 1



Rán SH 307©Aflafréttir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. janúar 2017 var Rán SH 307 á línuveiðum út af Skarðsvík á Snæfellsnesi. Veður: SSV 4-5 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð hjá Vaktstöð siglinga. Haft var samband við nærstaddan bát, Bárð SH 81 sem dró Rán til hafnar á Rífi.

Við rannsókn kom fram:

- að draugafæri kom upp með línunni og fór í skrúfu bátsins.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.